

Mál nr. 187/2019**M og
V vegna kreditkortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna ferðarofs.****Gögn.**

Málskot, dags. 01.06.2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 06.06.2019, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Í málskotinu kemur fram að M hafi verið á ferðalagi sem áætlað hafi verið 6.-19. maí 2018 en 11. maí hafi hann farið til Íslands vegna matareitrunar og því hafi hann sótt um bætur úr kortatryggingu MasterCard World Elite útgefnu af Arion banka hjá V. V hafnaði bótaskyldu. Í málskotinu kemur einnig fram að M hafi haft samband við sinn lækni á Íslandi sem hafi ráðlagt honum að fara heim vegna veikinda og liggur fyrir vottorð frá læknum þar að lútandi dags. 18.05.2018. M telur málskotið vera innan árs frests skv. 124. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga þar sem hann hafi fengið bréf V, dags. 28. maí 2018, um höfnun á bótaskyldu þann 01.06. 2018. M telur gr. 4.3. og 4.4. skilmálans óljósar þar sem ekki komi nægilega skýrt að skilyrði fyrir bótaskyldu sé að hafa samband við SOS International vegna forfalla á ferðalagi.

Í bréfi V kemur fram að um endurgreiðslu ferðar gildi grein 4.6.1. í skilmálum váttryggingarinnar þar sem fram komi að félagið endurgreiði hlutfallslega allt að kr. 440.000 kr. af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS International að rjúfa ferð og fara heim. V hafnar því að skilmálar váttryggingarinnar séu óljósir. Í bréfi V kemur enn fremur fram að engin samtímagögn staðfesti að M hafi rofið ferð sína vegna veikinda. V telur frest skv. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga liðinn þar sem það dregur í efa að M hafi ekki fengið höfnunarbréf V fyrir en 1. júní 2018.

Álit.

Ekki verður fallist á það, gegn neitun M, að bréf V dags. 28.05.2018, þar sem bótaskyldu er hafnað, hafi borist M fyrir 01.06.2018. Því er ekki fallist á það að frestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, sé liðinn.

Í skilmálum váttryggingarinnar kemur fram í gr. 4.6.1. að skriflegt læknisráð verði að liggja fyrir, samþykki félagsins og SOS International svo ferð sé endurgreidd sem váttryggður þarf að rjúfa. Fyrir liggur að M tilkynnti hvorki V né SOS International um rof á ferðalagi sínu. Þá liggur ekki fyrir staðfesting læknis á veikindum M þegar hann tók ákvörðun um heimferð. Með vísan til framangreinds er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðarofstryggingu kortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.